

Aðalsjóður Kópavogsbæjar

ÁRSREIKNINGUR 2024



Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Aðalsjóðs Kópavogsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur Aðalsjóðs Kópavogsbæjar á árinu námu 53.793 m.kr. samkvæmt ársreikningi 2024 en fjárhagsáætlun með viðaukum, samþykktum af bæjarstjórn, gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 52.727 m.kr. Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 2.606 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 1.101 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé Aðalsjóðs í árslok 2024 nam 12.344 m.kr. en var í ársbyrjun 9.693 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Laun og launatengd gjöld á árinu, að undanskildri hækkun lífeyrisskuldbindinga, námu alls 26.044 m.kr., þar af námu laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra 159,6 m.kr. á árinu 2024. Fjöldi á launaskrá í árslok 2024 var 3.291 í 2.023 stöðugildum þegar undanskilin er sumarvinna og nefndarstörf.

Íbúar Kópavogsbæjar þann 1. desember 2024 voru 41.351 og fjölgaði þeim um 781 frá fyrra ári eða um 1,92%.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Kópavogsbæjar staðfesta hér með ársreikning Aðalsjóðs Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Kópavogi, 13. maí 2025

Áritun endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Aðalsjóðs Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur sjóðsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sjóðinn við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Kópavogi, 13. maí 2025

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Áætlun m/viðaukum 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur.....		40.589.814	40.228.505	38.125.914
Framlög jöfnunarjóðs.....		4.389.982	3.815.738	3.188.715
Aðrar tekjur.....		8.813.002	8.682.721	8.350.104
	12	53.792.798	52.726.964	49.664.732
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	13	26.044.203	25.408.502	23.785.063
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	8,13,21	599.104	1.587.700	1.911.136
Annar rekstrarkostnaður.....		25.884.017	26.006.920	23.927.121
		52.527.323	53.003.122	49.623.321
Hagnaður án fjármagnsliða.....		1.265.474	(276.158)	41.411
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Fjármunatekjur	14	1.340.688	1.377.157	1.457.699
		1.340.688	1.377.157	1.457.699
Hagnaður ársins.....	15	2.606.162	1.100.999	1.499.111

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2023
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Leigð eign.....	9,24	290.342	0
		<u>290.342</u>	<u>0</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignahlutir í félögum *).....	4,16	2.378.715	2.334.076
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	22	2.520.511	2.376.051
Langtímakröfur.....	17	353.507	88.302
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....	18	48.833.454	46.236.332
		<u>54.086.188</u>	<u>51.034.761</u>
Fastafjármunir samtals		<u>54.376.530</u>	<u>51.034.761</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	5,19	5.673.368	3.591.725
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....	17	36.637	34.370
Eigin fyrirtæki - næsta árs afborganir.....	18	1.377.713	1.304.859
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	22	71.067	71.067
Aðrar skammtímakröfur.....		1.283.780	1.111.009
Handbært fé.....	6	129.069	68.250
Veltufjármunir samtals		<u>8.571.635</u>	<u>6.181.280</u>
Eignir samtals		<u><u>62.948.165</u></u>	<u><u>57.216.042</u></u>

Eignir utan efnahags..... 7

*) Framsetningu á eignarhlutum í félögum er breytt 2024 og 2023 lagað hér til samræmis við það, sjá skýr. 4 og 16

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2023
Eigið fé:			
Eigið fé.....		12.344.004	9.693.203
Eigið fé samtals	20	12.344.004	9.693.203
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding.....	8, 21	11.341.171	11.525.717
Langtímaskuldbindingar samtals		11.341.171	11.525.717
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir við lánastofnanir.....	23	24.456.206	22.888.615
Leiguskuldir.....	24	252.002	0
Langtímaskuldir samtals		24.708.208	22.888.615
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir.....		4.903.154	1.878.337
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	23	1.771.504	3.616.030
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar.....	8, 21	770.037	725.384
Næsta árs afborganir leiguskuldar.....	9, 24	38.340	0
Skammtímaskuldir.....		7.071.746	6.888.754
Skammtímaskuldir samtals		14.554.782	13.108.506
Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindinga		39.262.990	35.997.121
Skuldir samtals með lífeyrisskuldbindingum		50.604.160	47.522.838
Skuldir og eigið fé samtals		62.948.165	57.216.042

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags

25-27

Yfirlit um sjóðstreymi

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Áætlun m/viðaukum 2024	Ársreikningur 2023
Handbært fé frá rekstri:				
Hagnaður ársins.....	15	2.606.162	1.100.998	1.499.111
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Verðbætur og gengismunur.....		955.061	989.890	1.578.790
Eigin fyrirtæki - vextir og verðbætur.....		(3.910.355)	(3.580.850)	(4.377.758)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	8,21,22	667.110	1.550.700	1.982.203
Veltufé (til)/frá rekstri		317.979	60.738	682.347
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) / lækkun.....		(2.081.643)	0	(484.170)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) / lækkun.....		(388.190)	0	(439.924)
Aðrar skammtímaskuldir.....		3.207.701	512.217	(1.465.267)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		737.868	512.217	(2.389.361)
Handbært fé (til)/frá rekstri		1.055.847	572.955	(1.707.015)
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í eignarhlutum, nettó.....		0	(51.500)	(51.500)
Verðbréf, breyting.....	17,22	(248.525)	35.301	253.967
Varanlegir rekstrarfj. - breyting.....		0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(248.525)	(16.199)	202.467
Fjármögnunarhreyfingar:				
Tekin ný langtímalán.....		2.555.000	4.759.183	3.930.000
Afborgun langtímalána og uppgreiðslur.....		(3.805.943)	(2.023.895)	(2.466.311)
Afborgun lífeyrisskuldbindinga.....		(735.937)	(465.790)	(660.158)
Eigin fyrirtæki, breyting.....		1.240.378	(2.309.725)	231.877
Fjármögnunarhreyfingar		(746.502)	(607.640)	1.035.408
Hækkun / (lækkun) á handbæru fé.....		60.820	(50.884)	(469.140)
Handbært fé í ársbyrjun.....		68.250	191.795	537.390
Handbært fé í árslok.....		129.069	140.911	68.250

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir:

1. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

3. Verðags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2024. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2025. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir til eignar á upphaflegu kaupverði. Framlögum til Tónlistarhúss Kópavogs var breytt á árinu þannig að það var niðurfært í 77,85% af fasteignamati Hamraborgar 6. Frá framlagi til Betri samgangna ohf. en sagt nánar frá í skýringu 16.

5. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign bæjarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

6. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðsstreymis.

7. Eignir utan efnahags

Fjárfesting sem átti sér stað fyrir ársbyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Varanlegir rekstrarfjármunir í eigu sveitarfélagsins eru ekki eignfærðir hjá Aðalsjóði heldur hjá viðkomandi A og B hluta stofnunum.

8. Lífeyrisskuldbinding

Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2024. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrareikningi sbr. skýringu 21. Varðandi uppgjör á fyrirframgreiðslu á lífeyrisskuld við Brú, lífeyrissjóð er vísað í skýringu 22.

9. Leiguskuldir

Í febrúar 2024 var gerður viðbótarleigusamningur um húsnæði að Vallakór 4 og er samningurinn upphaflega til 10 ára. Samningurinn er færður til eignar og skuldar á núvirði lágmargleigugreiðslna vegna hans út leigutímann. Við útreikning á núvirði leigugreiðslna er miðað við áætlaða ávöxtunarkröfu leigusala, eða aðra ávöxtunarkröfu sem notuð er til að meta verðmæti eignar út frá sjóðstreymi hennar.

10. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar bæjarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 25-27.

11. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðsstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

12. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

Skatttekjur

Útsvar.....	
Fasteignaskattur.....	
Lóðarleiga.....	

Skatttekjur samtals

Aðrar tekjur

Jöfnunarsjóður

Framlög vegna grunnskóla.....	
Framlög vegna sérparfa fatlaðra.....	
Framlög vegna nýbúa.....	
Framlög vegna tónlistaskóla.....	
Önnur framlög.....	

Þjónustutekjur o.fl.....	
--------------------------	--

Aðrar tekjur samtals

Rekstrartekjur samtals

Ársreikningur 2024	Áætlun 2024	Ársreikningur 2023
34.509.808	34.193.683	32.459.695
5.691.840	5.667.001	5.299.079
388.165	367.821	367.139
40.589.814	40.228.505	38.125.914
1.125.933	1.227.964	703.985
192.503	183.936	193.409
140.984	141.191	114.815
59.068	49.152	46.975
2.871.494	2.213.496	2.129.531
4.389.982	3.815.738	3.188.715
8.813.002	8.682.721	8.350.104
8.813.002	8.682.721	8.350.104
53.792.798	52.726.964	49.664.732

13. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun.....	
Launatengd gjöld.....	
Laun og launatengd gjöld samtals.....	
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	
Samtals.....	

Ársreikningur 2024	Áætlun 2024	Ársreikningur 2023
20.941.293	20.434.757	19.112.802
5.102.910	4.973.745	4.672.261
26.044.203	25.408.502	23.785.063
599.104	1.587.700	1.911.136
26.643.306	26.996.202	25.696.199

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 159,6 millj. kr. á árinu 2024. Fjöldi á launaskrá í árslok 2024 var 3.291 í 2.023 stöðugildum. Varðandi breytingu á lífeyrisskuldbindingu er vísað í skýringar 21 og 22.

14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	
Vaxtagjöld.....	
Vextir af eigin fyrirtækjum.....	
Önnur verðbóttagjöld.....	
Gengishagnaður/(tap).....	
Tekjur af eignarhlutum.....	

Ársreikningur 2024	Áætlun 2024	Ársreikningur 2023
211.374	39.568	209.800
(1.817.507)	(1.255.671)	(1.554.468)
3.910.355	3.580.850	4.377.758
(964.621)	(989.890)	(1.578.790)
(3.415)	0	(1.093)
4.502	2.300	4.493
1.340.688	1.377.157	1.457.699

15. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs greinist þannig:

	Ársreikningur 2024			Áætlun 2024	Ársreikningur 2023
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
Skatttekjur.....	62.613	44.979.795	44.917.182	44.044.242	41.193.228
Félagsþjónusta.....	9.362.345	1.420.115	(7.942.230)	(7.892.462)	(7.398.941)
Heilbrigðismál.....	2.571	0	(2.571)	(2.571)	(2.365)
Fræðslumál.....	25.538.547	1.680.328	(23.858.219)	(23.832.047)	(21.763.312)
Menningarmál.....	924.067	175.067	(749.000)	(737.707)	(789.446)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	7.618.149	2.969.521	(4.648.629)	(4.704.459)	(4.144.964)
Brunamál og almannavarnir.....	427.508	0	(427.508)	(454.789)	(435.876)
Hreinlætismál.....	1.075.546	1.043.277	(32.269)	(44.848)	(174.907)
Skipulags- og byggingarmál.....	719.775	395.706	(324.068)	(390.146)	(288.875)
Umferðar- og samgöngumál.....	1.922.465	4.164	(1.918.302)	(1.737.694)	(1.750.156)
Umhverfismál.....	610.140	3.324	(606.817)	(593.310)	(485.101)
Atvinnumál.....	48.971	18.087	(30.885)	(76.148)	(48.374)
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	94.500	0	(94.500)	(43.000)	(43.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	3.521.022	1.103.415	(2.417.608)	(2.260.559)	(1.916.745)
Lífeyrisskuldbindingar, breyting.....	599.104	0	(599.104)	(1.550.700)	(1.911.136)
Endurgreiddur VSK frá síðasta ári.....	0	0	0	0	0
Fjármagnsliðir nettó.....	(1.340.688)	0	1.340.688	1.377.197	1.459.081
Aðalsjóður samtals:	51.186.636	53.792.798	2.606.162	1.100.999	1.499.111

16. Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

		2024	2023
Dótturfélög:	Eignarhluti	Bókfært verð	Bókfært verð
Tónlistarhús Kópavogs.....	77,85%	675.372	630.733
Húsnæðisnefnd Kópavogs.....	100,00%	491.917	491.917
		1.167.289	1.122.650
Önnur félög:			
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	5,52%	488.254	488.254
Betri samgöngur.....	4,07%	163	163
Strætó bs.....	14,60%	96.563	96.563
Sorpa bs.....	15,40%	290.022	290.022
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, stofnframlag.....	14,43%	235.624	235.624
Vatni ehf.....	100,00%	30.800	30.800
Músik og saga ehf.....	100,00%	4.000	4.000
Leikskólinn Undarland ehf.....	100,00%	66.000	66.000
		1.211.426	1.211.426
Eignarhlutir í félögum samtals:		2.378.715	2.334.076

- Á árinu 2020 var félagið Betri samgöngur ohf. stofnað með kr. 4 milljónir í hlutafé. Stofnendur eru Ríkissjóður og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er stofnað til að halda utan um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að kr. 120.000 milljónir samkvæmt samkomulagi á milli eigenda. Samkvæmt samkomulaginu verður heildarframlag Kópavogsbæjar samtals um 2.428 m.kr., sem greiðist með jöfnum greiðslum á tímabilinu 2019-2033 en ræðst annars vegar af svonefndri "vegagerðarvísitölu" og hins vegar af íbúafjölda. Í ágúst 2024 var undirritaður viðauki við samninginn, þar sem framlög hækka og samningstíminn lengist um 7 ár, eða til 2040. Samkvæmt viðaukanum hækkar framlag Kópavogsbæjar um 383 m.kr. Auk ofangreinds hlutafjár hefur Kópavogsbær greitt um 1.097 m.kr. til verkefnisins vegna árána 2019 - 2024 og er sú fjárhæð færð með langtímakröfum í efnahagsreikningi. Áætlað er að kröfunni verði breytt eftir því sem Betri samgöngum ohf. afhenda verkefni sín til sveitarfélaganna.

- Á árinu 2024 er mati á Tónlistarhúsi Kópavogs breytt þannig að nú er það fært inn sem 77,85% af fasteignamati Hamraborgar 6. Er viðmiðunartölum fyrir 2023 breytt hér til samræmis við þá framsetningu.

17. Langtímakröfur í árslok 2024 sundurliðast þannig:

	2024	2023
Verðbréfaeign.....	390.144	122.672
Næsta árs afborganir.....	(36.637)	(34.370)
Samtals.....	353.507	88.302
Langtímakröfur samtals:	353.507	88.302

Afborganir af verðbréfaeign í árslok greinast þannig á næstu ár:

	2024	2023
Árið 2024.....	0	34.370
Árið 2025.....	36.637	34.968
Árið 2026.....	71.840	11.754
Árið 2027.....	69.976	9.975
Árið 2028.....	66.248	6.416
Árið 2029.....	66.248	0
síðar.....	79.194	25.189
	390.144	122.672

18. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Afborganir af langtímakröfum á eigin fyrirtæki greinast þannig á næstu ár:

	2024	2023
Næsta árs afborgun.....	1.377.713	1.304.859
Árið 2025.....	0	1.304.859
Árið 2026.....	1.377.713	1.304.859
Árið 2027.....	1.377.713	1.304.859
Árið 2028.....	1.377.713	1.304.859
Árið 2029.....	1.377.713	0
síðar.....	43.322.600	41.016.897
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki samtals:	50.211.167	47.541.191

19. Niðurfærsla krafna

Niðurfærsla skattkrafna greinist þannig:

	2024	2023
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	1.850.000	1.600.000
Niðurfærsla ársins.....	290.000	250.000
Niðurfærsla í árslok.....	2.140.000	1.850.000

20. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	2024	2023
Eigið fé 1.1.....	9.693.203	8.848.860
Rekstrarniðurstaða ársins.....	2.606.162	1.499.111
Breyting frá fyrra ári *).....	44.639	(654.767)
Eigið fé 31.12.....	12.344.003	9.693.203

4, 16

*) Breyting frá fyrra ári kemur til vegna niðurfærslu Hamraborgar 6 í fasteignamat, en mótbókun þeirrar færslu fer um óráðstafað eigið fé. Breyting á framsetningu er látin sjást hér fyrir árið 2023 til að samræma framsetningu.

21. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt mati á áunnum lífeyrirréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar nam skuldbinding aðalsjóðs 11.596 millj.kr. í árslok 2024 miðað við 2% ársvexti og lækkaði hún um 121 millj.kr. á árinu og greiddar voru af henni 701 m.kr. Breyting á lífeyrisskuldbindingunni á árinu 2024 greinist þannig:

	2024	2023
Lífeyrisskuldbinding LSK 1.1.	11.717.175	11.000.024
Lífeyrisskuldbinding A-hluti 1.1.	533.927	
Framlag til lífeyrissjóðs.....	(700.514)	(660.159)
Framlag til A-hluta Brúar.....	(38.483)	
Vegna endurmats á A-hluta Brúar 2023.....	48.680	533.927
Breyting lífeyrisskuldbindinga á árinu.....	550.424	1.377.310
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	<u>12.111.208</u>	<u>12.251.102</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindinga Brú A (næsta ár).....	42.467	0
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindinga LSK (næsta ár).....	727.570	725.384
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindinga.....	11.341.171	11.525.718
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	<u>12.111.208</u>	<u>12.251.102</u>
Til greiðslu næstu 1 til 5 árin	3.646.784	3.435.498
Til greiðslu næstu 6 til 10 árin	3.042.795	2.954.837
Til greiðslu næstu 11 til 15 árin	2.367.087	2.340.937
	9.056.666	8.731.272
Til greiðslu næstu 16 árin og síðar.....	3.054.542	3.519.829
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	<u>12.111.208</u>	<u>12.251.102</u>

Samkvæmt reglugerð um Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar greiðir bæjarsjóður árlega aukaframlag til lífeyrissjóðsins miðað við lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga. Á árinu 2024 nam þetta aukaframlag bæjarsjóðs 701 millj.kr.

Á árinu 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrirréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Í lögum var ákveðið að áunin réttindi þeirra sem höfðu náð sextugsaldri við gildistöku laganna eða höfðu hafði töku lífeyris skyldi tryggð og myndi hvorki hækka né lækka upp frá því. Í takt við markmið laganna um að hver kynslóð stæði undir sínum eigin lífeyri kváðu lögin á um að það kæmi í hlut launagreiðenda, ríkis og sveitarfélaga, að standa undir tryggingunni, frekar en annarra sjóðsfélaga. Í framhaldi af því varð til uppgjör lífeyrisskuldbindinga sem sá má hér í skýringu 22.

Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar og eftir slaka ávöxtun sjóðsins árið 2022 lá fyrir að halli á tryggingafræðilegri stöðu Brúar lífeyrissjóðs væri umfram 10% lögbundin viðmið. Af þessum sökum hefur sjóðurinn hafið innheimtu framlaga frá sveitarfélögum vegna þess hóps lífeyrisþega eða launamanna sem undir regluna falla. Þess vegna eru færðar til gjalda 530 m.kr. og bókuð á móti jafn há skuldbinding, sem svo verður greidd niður eins og hvert annað lán.

22. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóð vegna A deildar LSK

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi á meðal langtímakrafna sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2024 er færður á meðal veltufjármuna en það sem kemur til greiðslu síðar er færð á meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna ársins 2023 eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast svona:

Aðalsjóður	Jafnvægis-sjóður	Lífeyrisauka-sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
Upphaflega uppgert við Brú, lífeyrissjóð.....	597.400	1.835.768	197.497	2.630.666
Gjaldfært á árunum 2017-2020.....	-597.400	-402.849	-65.010	-1.065.259
Fært á langtímaskuldbinding.....	0	1.432.919	132.488	1.565.407
Gjaldfært á árinu 2021.....	0	-61.192	-9.875	-71.067
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2021.....	0	1.371.727	122.613	1.494.340
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:				
Næsta árs gj.f. færð meðal veltufjármuna.....	0	61.192	9.875	71.067
Langtíma hluti fyrirframgreiðslu.....	0	1.310.534	112.738	1.423.272
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	1.371.727	122.613	1.494.340

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá skuldum bókfært virði fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð til Brúar.

Fyrirframgreiddur kostnaður:

Fyrirframgreiddur kostnaður meðal veltufjármuna er vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð 71 m.kr.

23. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals	2023
Staða lána í ársbyrjun.....	5.765.000	20.739.646	26.504.647	23.455.836
Ný lán.....	0	2.555.000	2.555.000	3.930.000
Afborganir af lánum.....	(1.736.687)	(2.069.256)	(3.805.943)	(2.466.311)
Verðbætur	0	974.007	974.007	1.585.122
Langt.sk. samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	4.028.313	22.199.397	26.227.710	26.504.646
Næsta árs afborgun.....	(186.667)	(1.584.837)	(1.771.504)	(3.616.030)
	3.841.646	20.614.560	24.456.206	22.888.615
Meðalvextir í árslok.....	10,88%	3,53%		

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals	2023
Árið 2025.....	186.667	1.584.837	1.771.504	3.616.030
Árið 2026.....	186.667	1.622.053	1.808.719	1.649.512
Árið 2027.....	186.667	1.617.999	1.804.666	1.683.318
Árið 2028.....	3.201.646	1.591.900	4.793.546	1.677.774
Árið 2029.....	66.667	1.633.791	1.700.457	4.666.432
Afborganir síðar.....	200.000	14.148.817	14.348.817	13.211.580
Samtals:.....	4.028.313	22.199.397	26.227.710	26.504.646

24. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem er færður til skuldar í árslok 2024 sbr. skýringu 9.

	2024	2023
Staða samnings í ársbyrjun.....	0	0
Nýr samningur.....	294.392	0
Verðbætur samnings.....	(4.050)	0
Samtals.....	290.342	0
Afborgun/næsta árs afborgun.....	(38.340)	0
Langtímahluti samnings.....	252.002	0
Núvirtar leigugreiðslur samnings:		
Árið 2025.....	38.340	0
Árið 2026.....	36.514	0
Árið 2027.....	34.775	0
Árið 2028.....	33.119	0
Árið 2029.....	31.542	0
Afborganir síðar.....	116.051	0
	290.342	0

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

25 Í árslok 2020 hvíldu á Aðalsjóði Kópavogsbæjar ábyrgðarskuldbindingar gagnvart félagasamtökum sem þau greiddu upp á árinu 2021. Ekki hefur verið stofnað til nýrra svona skuldbindinga.

Í árslok 2020 hvíldu á bæjarsjóði ábyrgðir vegna seldra verðbréfa vegna lóðaúthlutana. Þessi verðbréf voru greidd upp á árinu 2021 og þar með féll ábyrgð bæjarins niður. Ekki hefur verið stofnað til nýrra svona ábyrgða.

26 Bæjarsjóður ber 100% ábyrgð á skuldbindingum allra þeirra rekstrareininga sem falla undir samstæðu Kópavogsbæjar nema vegna Tónlistarhúss Kópavogs, þar sem bæjarsjóður ábyrgist 77,85% af skuldbindingum félagsins.

Bæjarfélagið er auk þess í hlutfallslegri ábyrgð vegna eignaraðildar að ýmsum byggðasamlögum, svo sem vegna Sorpu bs., Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, sjá töflu.

	Slökkvilið höfuðborgar- svæðisins bs.	Sorpa bs.	Strætó bs.	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgar- svæðinu	Heilbrigðiseftirlit Kópavogs og Hafnarfjarðar
Árkefnis:	2024	2024	2024	2024	2024
gsskiladagur - uppgjörsár	2024	2024	2024	2024	2024
Rekstrar	Byggðasamlag	Byggðasamlag	Byggðasamlag	Samstarf	Samstarf
ggnar- eða rekstraraðilar	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Hafnarfjarðarbær Garðabær
á rekstri og skuldum	Já	Já	Já	Já	Já
Þ hlutfallslega veittrar ábyrgðar	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda
supplýsingar úr ársreikningum viðkomandi byggðasamlags eða samstarfsverkefnis - í þús. kr.					
skjur	778.134	1.244.476	1.760.445	7.321	93.532
öld	-748.712	-1.169.098	-1.711.056	-6.684	-93.870
immunatekjur/ (fjármagnsgjöld)	8.349	-33.371	-16.819	384	338
rir liðir	0				0
lekstrarniðurstaða	37.771	42.007	32.570	1.021	0
stafjarmunir	423.906	1.250.085	262.554	0	0
ltufjarmunir	216.032	270.921	225.780	18.248	14.218
ignir samtals	639.938	1.521.006	488.334	18.248	14.218
íð fé	471.352	965.935	-25.732	5.224	0
uldbindingar		77.915	42.389	0	2.628
ngtímaskuldir	33.586	342.435	269.535	0	
ammtímaskuldir	135.000	134.721	202.143	13.024	11.590
uldir og skuldbindingar samtals	168.586	555.071	514.067	13.024	14.218
kuldir og eigið fé samtals	639.938	1.521.006	488.335	18.248	14.218
ltufé frá rekstri	63.855	163.482	80.387	1.022	-117
ndbært fé frá rekstri	97.558	150.575	47.996	1.565	2.933
rfestingarhreyfingar	-95.686	-83.664	-31.200	0	0
rmögnunarhreyfingar	-2.936	-33.165	-17.263	0	0
reyting á handbæru fé	-1.064	33.746	-467	1.565	2.933
ndbært fé í ársbyrjun	168.004	47.637	59.256	13.953	4.689
handbært fé í árslok	166.940	81.383	58.789	15.518	7.622

mkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgðar- og skuldbindingayfirlir og skal það löfrest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs.

Hinn 28. maí 2018 var Kópavogsbæ birt stefna af hálfu Þorsteins Hjaltested, þáverandi ábúanda Vatnsenda. Í málinu gerði Þorsteinn þær dómkröfur að Kópavogsbær greiddi honum frekari eignarnámsbætur vegna eignarnáms bæjarins á landi úr jörðinni Vatnsenda árið 2007. Upphafleg dómkrafa í málinu var að fjárhæð kr. 5.631.000.000. Til viðbótar gerði Þorsteinn kröfu um viðurkenningu á tilteknum réttindum sem byggt var á að leiddi af eignarnámssátt frá 30. janúar 2007. Málið var þingfest 30. maí 2018 og krafðist Kópavogsbær sýknu af öllum kröfum Þorsteins. Þorsteinn Hjaltested lést hinn 12. desember 2018. Í framhaldinu tóku Magnús Pétur Hjaltested og dánarbú Þorsteins Hjaltested við aðild málsins til sóknar. Magnús Pétur er núverandi ábúandi Vatnsenda. Undir rekstri málsins var bókað um þá afstöðu aðila að ekki væri ágreiningur um að dánarbú Þorsteins Hjaltested ætti á grundvelli tilvitnaðrar eignarnámssáttar rétt til 11% af öllum byggingarrétti sem úthlutað verður úr hinu eignarnumda landi. Í kjölfarið var málið einungis rekið milli Magnúsar Péturs og Kópavogsbæjar. Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóm í málinu hinn 7. júlí 2023. Var Kópavogsbær dæmdur til að greiða Magnúsi Pétri kr. 1.400.000.000 ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. janúar 2013 til 7. júlí 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá var viðurkennd skylda Kópavogsbæjar til að greiða skaðabætur vegna tapaðra árlegra leigutekna af 300 lóðum undir sérþýli innan Vatnsenda. Loks var viðurkennd skylda Kópavogsbæjar til að inna af hendi tiltekna skipulagsvinnu innan Vatnsendajarðarinnar. Magnús Pétur áfrýjaði málinu til Landsréttar. Í kjölfarið gagnáfrýjaði Kópavogsbær málinu til réttarins. Með dómi Landsréttar 6. febrúar 2025 var Kópavogsbær sýknaður af öllum fjárkröfum Magnúsar Pétur Hjaltested. Þá var Kópavogsbær sýknaður af viðurkenningarkröfu um að bærinn væri skyldugur til að greiða skaðabætur vegna tapaðra leigutekna. Á hinn bóginn var lagt til grundvallar að Kópavogsbæ yrði að inna af hendi tiltekna skipulagsvinnu og gatnagerð innan Vatnsendajarðarinnar. Eru þær skyldur óumdeildar með aðilum. Magnús Pétur Hjaltested hefur óskaði eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi Landsréttar. Fyrir Hæstarétti gerði Magnús Pétur fjárkröfu á hendur Kópavogsbæ að fjárhæð kr. 1.746.333.333 með skaðabótavöxtum frá 9. janúar 2013 en dráttarvöxtum frá 17. mars 2017. Þá krefðist Magnús Pétur til viðbótar viðurkenningar á bótaskyldu Kópavogsbæjar vegna tapaðra leigutekna af 100 lóðum undir sérþýli. Með ákvörðun sinni 4. apríl 2025 hafnaði Hæstiréttur Íslands beiðni Magnúsar Péturs Hjaltested um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar frá 6. febrúar 2025. Umræddu dómsmáli er því endanlega lokið. Kópavogsbær á því ekki aðild að neinum dómsmálum er snerta jörðina Vatnsenda í Kópavogsbæ.

28 Atburðir eftir lok reikningsárs

Með úrskurði Innviðaráðuneytisins frá 2. maí 2025 í máli nr. IRN24060110 var ákvörðun Kópavogsbæjar um úthlutun lóða og byggingarréttar að Roðahvarfi 2-36 og 1-21, frá 11. júní 2024, felld úr gildi á þeim grundvelli að hún færi í bága við jafnræðisreglu 11. gr. stjórnisýslulaga og réttmætisreglu stjórnisýsluréttar. Um er að ræða sex lóðir, þ.e. Roðahvarf 2-8, 10-18, 20-32, 1-15, 17-21 og 34-36, sem var úthlutað til hæstbjóðenda í útboði sem fram fór af hálfu sveitarfélagsins um vorið 2024. Lóðunum að Roðahvarfi 2-8 og 1-15 var úthlutað til GG Verks ehf., Klettáss ehf. og APF ehf., sem gerðu sameiginlegt tilboð fyrir hönd félagsins XP7 ehf., Roðahvarfi 10-18 og 20-32 var úthlutað sameiginlega til Svörtu hamra ehf. og Umbru ehf. og loks var Roðahvarfi 17-21 og 34-36 úthlutað til MótX ehf. Lóðarleigusamningar voru gerður við framangreinda lóðarhafa um umræddar lóðir í janúar 2025 og hefur þeim verið þinglýst á lóðirnar. Þá greiddu lóðarhafar hluta byggingarréttargjalds þann 19. júlí 2024. Lóðarleigusamningarnir eru enn í gildi þrátt fyrir úrskurð ráðuneytisins. Í minnisblaði LEX lögmannsstofu, dags. 6. maí 2025, er mælt með því að látið verði reyna á gildi úrskurðar ráðuneytisins fyrir dómstólum, enda megi færa rök fyrir því að úrskurðurinn sé haldinn annmörkum að formi og efni til.